

Skólaráðsfundur 16.okt 2024 kl. 14:30 í Víkurskóla

Mættir: Kolbrún ósk, Victoria, Íris, Andri, Berglind, Sveinn, Sif

1. Kolbrún setur fund og býður fundarmenn velkomna á fyrsta skólaráðsfund skólaársins. Fyrst á dagskrá eru drög að starfsáætlun skólaráðs; fundartími verður framvegis kl.14:35 (sjá fylgiskjal). Dagskrá samþykkt.
2. Almennt um skólaárið, litið var á skýrslu skólastjóra sem lögð var fyrir FFMR í október 2024. Þar var stiklað á stóru á viðburðum sem af er ári, auglýsingu sem er í loftinu og viðhaldspörf á húsnæði Víkurskóla.
3. Sjálfsmatsskýrsla 2023 – 2024 lögð fram til kynningar, ásamt starfsáætlun skólans fyrir árið 2024 – 2025 og skólanámskrá 2024 – 2025. Farið yfir það helsta á skóladagatali ársins, einnig skerta daga, ISAT kennslu, Dranga- og Kötlumix. Einnig var rætt um um hvernig er skipað í nemendaráð og hvaða verkefni og skyldur ráðið sinnir. Samþykkt samhljóða.
4. Önnur mál:
 - a) Sif fer yfir það hversu vel hefur til tekist að fá nemendaráð með sér í því að vinna með samskiptaerfiðleika sem hafa komið upp á fótboltavelli. Berglind tekur undir að mikill munur er á hvernig samskiptin ganga fyrir eftir að vinnan fór í gang og kerfi með gulum og rauðum spjöldum virkjað. Elstu nemendum og elstu nemendum í nemendaráði hrósað fyrir sína þátttöku og fyrir að vera fyrirmyndir inn á vellinum.

Ekkert fleira, fundi slitið kl. 15:00.

Victoria